

Mánudaginn 5. maí 1930.

Nr. 2/1930.      **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)  
    gegn  
**Karli Guðmundssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 18. nóv. 1929: Kærður, Karl Guðmundsson, skipstjóri á togara »Ólafur« R.E. 7, greiði innan mánaðar frá birtingu dómsins sekt í Landhelgissjóð Íslands að upphæð kr. 12200.00 — sæti eða 6½ mánaðar einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í greindum togara upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

Kærði hefir neitað því, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum í Aðalvík, er varðskipið hitti hann þar um kl. 10 að kvöldi þ. 15. nóv. f. á. Hefir hann haldið því fram, að hann þennan dag hafi verið að veiðum utan landhelgi þar úti fyrir, en hætt veiðum um kl. 6 eftir hádegi og farið þá inn á Aðalvík til að gjöra við botnvörpuna, er hafði rifnað og látið reka undan vindi á Víkinni meðan verið var að því, en varðskipið komið á vettvang meðan á því stóð. En þessi skýrsla kærða fær ekki staðizt gegn því, sem upplýst er í málinu.

Fjórir af skipshöfn kærða, er yfirheyrðir voru í lögregluréttinum sem vitni, báru það að vísu, að kærði hefði ekki verið að botnvörpuveiðum á Aðalvík í umrætt skifti, en er dómarrinn krafðist þess, að þeir staðfestu framburðinn með eidi, neituðu þeir því, hver í sínu lagi, án þess að gjöra nokkra grein fyrir

neituninni. Og liggur eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa um atferli kærða og hversu ástatt var á skipi hans frá því það sást frá varðskipinu og þangað til það var tekið, næst að skilja þá neitun skipverja hans, svo sem þeir hafi ekki treyst sér til að staðfesta með eiði neitun kærða um að hafa veitt í landhelgi, en um framferði kærða í þetta skifti er það meðal annars upplýst, að hann hafði hvorki tendrað siglingarljós né vinnuljós, er varðskipið sá skip hans á hægri ferð suður Aðalvík, en að siglingarljósin hafi verið kveikt um það leyti, sem ætla má, að hann hafi orðið varðskipsins var, og þá sett á fulla ferð undan varðskipinu, er það veitti honum eftirför. Þá er það og upplýst, að net bakborðsvörpu kærða hékk út af borðstokknum og nokkuð af því í sjó, er varðskipið varpaði kastljósi á skipið, ennfremur, að botnvarpan var vot á þilfari og í henni spriklandi koli og lifandi þorskur, er foringi frá varðskipinu kom í skipið. Gufuleiðslurnar að botnvörpuspilinu voru heitar og gufa á spilinu. Veður var bjart og svo lygnt, að engin ástæða var til að leita undir land til að gjöra við netið. Og svo langur tími leið frá því að varðskipið byrjaði að veita skipi kærða eftirför og þar til varðskipsforinginn kom í það, að kærði gat hafa dregið botnvörpuna úr sjó og komið henni inn á þilfarið.

Að öllu þessu athuguðu verður þrátt fyrir neitun kærða að telja það nægilega sannað, að kærði hafi verið að botnvörpuveidum inni á Aðalvík við umrætt tækifæri og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða lögregluréttardóm, þó með þeirri breytingu, að sektin ákveðst 13000 kr. og komi sjö mánaða einfalt fangelsi í hennar stað, ef hún verður eigi greidd innan þrjátíu daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Karl Guðmundsson, greiði 13000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er aflánist með sjö mánaða einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti skal lögregluðóminum óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem af valdstjórnarinnar hálfu er höfðað gegn kærðum, Karli Guðmundssyni skipstjóra á togaranum »Ólafur«, R.E. 7 frá Reykjavík, fyrir brot á lögum nr. 5, 1920, er eftir skýrslu skipherrans á varðskipinu »Hvidbjörnen«, þannig vaxið:

Þann 15. þ. m. var greint varðskip á norðurleið, en er það kom fyrir Rit kl. 9,46 e. h., sá það í tungsljósinu ljóslausan togara á Aðalvík, er færðist hægt suður á við. Stefndi varðskipið að togaranum kl. 9,56 e. h. og rétt á eftir sá það, að togarinn tók ferð, að hann kveikti toppljós og hliðarljós og hélt út af vikinni með fullri ferð með stefnu á Straumnes. Ferð varðskipisins var þá aukin í 13 milna (Knop) ferð á vöku með því að varðskipið áleit að togarinn ætlaði sér að sleppa undan með landinu norður vikina. Skaut varðskipið þá einu lausu skoti á togarann, er þegar nam staðar og var það þá statt:

Straumnesviti	> 81° 56'
Látravíkurhyrna	> 90° 42'
Ritur	

í mynni Aðalvíkur eða langt innan landhelgislínu. Sá varðskipið, er það fyrst upplýsti togarann með varpljósi sínu, að bakborðsvarpa hékk út af borðstokknum niður í sjó. Sendi svo varðskipið menn um borð í togarann, þar á meðal einn yfirmannanna, og er þeir komu þangað, reyndist, að skip þetta var ofangreindur togari. Bakborðsvarpa var þá að mestu leyti innanborðs og lá á þilfarinu, vot og lifandi fiskur í henni, bæði flatfiskur og þorskur, en skipverjar voru að bæta bakborðsvörpuna að aftan. Voru veiðarfærin í ólagi að því leyti, að á stjórnborða var vírinn (fótreiðið) lásað í fremri hlerann og að viðbótarhlerinn (Kálfurinn) var einnig ólásaður frá vörpuvírnum, en hann hinsvegar lásaður frá hleranum.

Kærður hefir eindregið neitað því, að hann hafi verið að veiðum á Aðalvík. Kveðst hann kl. 6 e. h. umgetinn dag hafa verið á veiðum á 70 m. dýpi út af Straumnesi, en rífið vörpuna og siglt inn á Aðalvík til þess að bæta hana. Kom þangað kl. tæplega 7 og farið að bæta vörpuna, en lét skipið reka á meðan. Ber hinsvegar eigi á móti því, að stjórnborðsvarpa hafi verið í ólagi eins og að ofan greinir, en telur það heimilt.

Sem vitni hafa verið leidd: stýrimaður, 1. vélstjóri, bátsmaður og einn háseti af togaranum. En sá galli er á framburði þeirra, að er þeir skyldu staðfesta hann með eiði, treystu þeir sér eigi til þess, án þess þó að þeir gjörðu sér grein fyrir því, hvernig á því stæði.

Framburður þeirra er því gagnslaus nema siður sé.

Hinsvegar er skýrsla varðskipsskipherrans gefin í embættisnafni og hefir því opinberan trúverðugleik, en auk þess er hún staðfest af tveim yfirmönnum varðskipsins og af öðrum þeirra með eiði, svo og af vitninu Johan Henrik Karlsen. Skýrslu varðskipsins ber því að leggja til grundvallar þegar dæma á um það, hvort togarinn hafi verið að veiðum á Aðalvík í umgetni sinn, og að réttarins áliti virðist það nægilega sannað af eftirfarandi ástæðum:

- að* er varðskipið sá togarann í fyrstu, sást hvorki siglingaljós hans né vinnuljós,
- að* þá er varðskipið taldi, að togarinn hefði séð til ferða þess, urðu bæði siglingaljós hans og vinnuljós sýnileg,
- að* togarinn tók þá þegar að sigla út af vikinni með fullri ferð, eins og hann ætlaði að reyna að komast undan,
- að* varðskipið varð að skjóta lausu skoti á hann,

*að* er varðskipið lýsti togaranum með varpljósinu, sá það að bakborðsvarpan hékk utanborðs,

*að* er menn þeir er varðskipið sendi um borð í togarann komu þangað, var bakborðsvarpan enn eigi að fullu komin innanborðs,

*að* í vörpunni var lifandi fiskur, bæði flatfiskur og þorskur og,

*að* gott veður var greindan dag og því engin sennileg ástæða að leita inn á Aðalvík til þess að gjöra við vörpuna.

Með skirskotun til þess, sem að framan er tekið fram, þykir kærður hafa gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þar eð hjer er um fyrsta brot kærðs gegn þessum lögum að ræða og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu er 0,8210 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega metin sekt að upphæð kr. 12200.00, er greiðist innan mánaðar frá birtingu dómsins, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplánist ella með 6½ mánaðar einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

---

Miðvikudaginn 7. maí 1930.

Nr. 116/1929. **Ísleifur Jónsson** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Ásgeiri Guðmundssyni o. fl.**

(cand. jur. Theodór Línal).

Innsetningargjörð.

Eignarréttarfyrrvari áfrýjanda gagnvart stefndu talinn gildur.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 23. maí 1929: Hin umbeðna innsetningargjörð skal ekki fara fram.

**Dómur hæstaréttar.**

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði áfrýjandi, þá er hann seldi Jóhannesi nokkrum